



5. fundur skólanefndar FG á skólaárinu 2021 - 2022 haldinn þriðjudaginn 5. apríl 2022 kl.12:00.

Mætt voru: Kristinn Þorsteinsson skólameistari, Áslaug Hulda Jónsdóttir formaður, Kristín Soffía Þorsteinsdóttir, Sara Dögg Svanhildardóttir. Fríða Gyldadóttir fulltrúi kennara, Helgi Már Herbertsson fulltrúi nemenda og Snjólaug E. Bjarnadóttir aðstoðarskólameistari. Hrafnhildur Ragnarsdóttir kennari.

Dagskrá:

- Kynning á sérnámsbraut skólans
Hrafnhildur Ragnarsdóttir kennslustjóri sérnámsbrautar kynnis brautina. 20 nemendur á brautinni í dag. Þrjár stofur eru fyrir sérnámsbraut í dag plús kennslueldhús.
Eftir 2007 voru teknir inn minna fatlaða nemendur, nemendur með mismunandi greiningar og sem áður höfðu kannski ekki komið í framhaldsskólana. Ekki er til mikið af námsefni fyrir nemendur sérnámsbrauta.
Mismunandi sérhæfingar á sérnámsbrautum milli framhaldsskólanna ekki endilega af hinu góða. Starfsfólk brautanna ræður töluvert miklu um inntöku í viðkomandi skóla.
Stjórnumerkt námsefni í mörgum áföngum í grunnskóla þýðir yfirleitt að viðkomandi muni ekki útskrifast með stúdentspróf.
Það vantar að eitthvað taki við þegar skólagöngu lýkur í framhaldsskóla. Verkefni í samvinnu við þroskahjálp er í gangi og lofar góðu um framhald fyrir þessa nemendur.
- Fjármál skólans
Launakostnaður er aðeins yfir miðað við áætlun en veikindi skýra það að mestum hluta. Skólinn er með góðan orðstí um að vera í lagi í fjármálum. Fjárveitingum til framhaldsskólanna var kipt í lag fyrir nokkrum árum þegar námið í framhaldsskólum fór úr fjórum í þrjú ár en fjármagninu var haldið inni.
- Félagslíf nemenda
Mikil ánægja meðal nemenda með stjórn NFFG, voru mjög virk í að byggja upp félagslífið eftir covid tímabilið. Nýliðin eru árhátíð, skíðaferð og söngkeppni. Framundan Salsaball með salsaviku. Nemendur skila í páskafríi inn framboði til starfa í NFFG á næsta skólaári og síðan geta þau kynnst sig og sín málefni í fyrstu viku í maí.
Oft sagt að fjöldi í framboði sé ákveðinn mælikvarði á hvernig stjórnin hefur staðið sig síðasta skólaár.
- Önnur mál
Lagt var fram bréf Heilsunefndar FG þar sem fram kom að opinber bloggskrif Páls Vilhjálmssonar kennara í garð minnihlutahópa valdi „vanlíðan nemenda og starfsmanna í Fjölbrotaskólanum í Garðabæ“. Einnig var lagt fram minnisblað til skólanefndar frá Páli vegna áðurgreinds bréfs þar sem hann hafnar því að eitthvað sé athugavert við bloggskrif sín. Einnig var lagt fram bréf með undirskrift 30 starfsmanna þar sem lýst er yfir megnri andstöðu við málflutning Páls um konur og transfólk og viðhorf hans fordæmd að öllu leyti.

Skólanefnd FG áréttar að skrif umrædds starfsmanns eru ekki í samræmi við stefnu skólans né viðhorf í málefnum hinsegin fólks.

Fundi slitið kl. 13

Fundarritari

Snjólaug E. Bjarnadóttir aðstoðarskólameistari